



Alþingi
Erindi nr. P 135/2828
komudagur 20.5.2008

LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. maí 2008

Efni: Athugasemdir Ljósmeðrafélags Íslands vegna frumvarps til laga um sjúkratryggingar.

Ljósmeðrafélag Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um sjúkratryggingar og gerir við það eftirfarandi athugasemdir:

Þar sem nefnd er aðstoð ljósmóður við fæðingar í heimahúsum í 22. og 29. gr, er eðlilegt að einnig sé minnst á heimþjónustu ljósmæðra í sængurlegu. Heimþjónusta í sængurlegu er eingöngu veitt af ljósmæðrum skv. samningi Ljósmeðrafélags Íslands við TR og nærri 80% sængurkvenna á höfuðborgarsvæðinu þiggja þá þjónustu eftir snemmútskrift af fæðingarstofnun.

Tillaga LMFÍ er að 22. gr og 29. gr skuli hjóða þannig:

22.gr

Önnur sérhæfð heilbrigðisþjónusta.

Sjúklingatryggingar taka til annarrar sérhæfðar heilbrigðisþjónustu en kveðið er á um í 17.-21. gr. sem samið hefur verið um skv. IV. kafla í samræmi við stefnumörkun ráðherra, svo sem aðstoðar ljósmóður við fæðingar **og/eða** í **sængurlegu** í heimahúsum og sérhæfðar meðferðar alvarlegra húðsjúkdóma...

29. gr

Gjaldtaka

3. Þjónustu sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og fyrirtækja þeirra, sbr. 2.mgr.17.gr og 19.-22. gr., sem samið hefur verið um samkvæmt ákvæðum IV. kafla. Ekki er þó heimilt að taka gjald fyrir hjúkrun í heimahúsum, mæðra- og ungbarnavernd og aðstoð ljósmóður við fæðingu **og/eða** í **sængurlegu** í heimahúsum...

Virðingarfyllst,



Guðlaug Einarsdóttir

Formaður Ljósmeðrafélags Íslands